

11. gr.

Hitaveitustjóri eða starfsmönnum hitaveitunnar skal hvenær sem er frjálfs aðgangur að öllum lokum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er notendum hitaveitunnar skylt að hlíta tafarlaust fyrirætlum hitaveitustjóra um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

12. gr.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. janúar 1995 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis nr. 70, 10. febrúar 1994.

Iðnaðarráðuneytið, 7. desember 1994.

F.h.r.

Þorkell Helgason.

Steinunn Bjarmann.

SAMÞYKKT

bæjarstjórnar Selfoss um útivistartíma barna á Selfossi.

1. gr.

Börn, 10 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20.00 nema í fylgd með fullorðnum.

Börn, sem eru á aldrinum 11 til 12 ára, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 21.00 nema í fylgd með fullorðnum enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu.

Börn og ungmenni, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 23:00 nema í fylgd með fullorðnum enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu.

2. gr.

Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útivistartími barna og ungmenna samkvæmt 1. gr. þessara reglna um eina klukkustund.

Samþykkt þessi sem gerð er af bæjarstjórn Selfoss samkvæmt ákvæðum 57. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, sbr. 4. málsl., staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 28. nóvember 1994.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Guðjón Bjarnason.